

a. Krefjst aðstæður þess að byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi komi á vettvang áður en beiðni er afgreidd greiðist á bilinu kr. 4.000 til kr. 10.000.
Fjárhæðir samkvæmt þessari grein eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

2. *Gjalddagar.*

Byggingarleyfisgjald og gjöld vegna stöðuleyfis skulu greidd við útgáfu leyfis. Heimilt er þó að semja við byggingarleyfishafa um annan gjalddaga. Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og byggingarleyfishafa við útgáfu byggingarleyfis.
Fyrir yfirferð hönnunargagna skal greiða við móttöku yfirfarinna gagna. Úttektargjald er gjaldkræft þegar úttekt er lokið.
Fyrir vottorð skal greiða við útgáfu þess.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Gjöld þessi eru ekki endurkræf þó byggingarleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjöld samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997, skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá nr. 875/2001.

Samþykkt í sveitarstjórn Norður-Héraðs, 2. mars 2004.

Brúarási, 31. mars 2004.

F.h. sveitarstjórnar Norður-Héraðs,
Jónas Þór Jóhannsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Austur-Héraði.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 17. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðasvæði við Kaupvang nr. 41-45 á Egilsstöðum.

Á svæðinu er áformað að byggja þrjú fjölbýlishús, með samanlagt 81 íbúð.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 1. apríl 2004.

Pórhallur Pálsson skipulagsfulltrúi.